

Miðvikudaginn 30. apríl 1941.

Nr. 101/1940. **Daníel Ólafsson og Egill Árnason**

(Lárus Fjeldsted)

gegn

Ragnari Jónssyni, Þorvaldi Thoroddsen og

Jóni E. Vestdal (Einar B. Guðmundsson).

Ágreiningur um framsal réttinda samkvæmt einkaleyfi og krafa um endurgjald fyrir þau.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er upp kveðinn af Birni Þórðarson lögmanni.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. okt. f. á., gera sömu dómkröfur og í héraði og auk þess til þrautavara, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim skaðabætur eftir mati dómsins. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefndu eftir mati dómsins. Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Að visu verður að líta svo á, að aðiljar hafi talið sig hafa gert bindandi samning 2. febrúar 1939, og að sá samningur hafi átt að fela í sér framsal á réttindum og skyldum samkvæmt lögum nr. 57/1938, en með því að ekki verður staðhæft, að ríkisvaldinu megi á sama standa, hver með slíkt sérleyfi sem þetta fari, verður að telja áfrýjendur hafa brostið heimild til framsalsins, sem ekki getur í lögnum, og ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Það athugast, að héraðsdómarinn hefur ekki, þegar aðiljar höfðu hvor lagt fram sína greinargerð, ákveðið tilhögun málflutnings samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936, og að hann hefur leyft umboðsmanni áfrýjenda (stefnenda í héraði) að leggja síðan fram alllanga framhaldsgreinar-

gerð, og málið hefur því í raun rétttri af hans hálfu verið flutt bæði munnlega og skriflega.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. sept. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 8. maí s. l. af Daniel Ólafssyni og Agli Árnasyni, kaupmönnum hér í bæ, gegn Ragnari Jónssyni framkvæmdarstjóra, Bergstaðastræti 48, Þorvaldi Thoroddsen framkvæmdarstjóra, Túngötu 12, og dr. Jóni E. Vestdal efnafræðingi, Hávallahötu 21, öllum hér í bænum, og eru dómkröfur stefnanda í því þær aðallega, að stefndir verði fyrir rof á samningi dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 30000.00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, til vara, að stefndir verði dæmdir til að greiða kr. 6000.00 í bætur fyrir samningsrof árið 1939, ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, og að viðurkennt sé með dómi í máli þessu, að stefndum beri að greiða þeim árlega í skaðabætur eftir 1. janúar 1940 og til ársloka 1943 kr. 6000.00, auk vaxta frá gjalddaga hverrar árgreiðslu til greiðsludags. Þá krefjast stefnendur og málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Stefndir krefjast sýknu og málskostnaðar.

Þann 25. apríl 1938 voru samþykkt á Alþingi lög um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði. Hlutu þau konungsstaðfestingu 11. júní s. á., sem lög nr. 57 frá 1938. Í lögum þessum er svo ákveðið, að frá gildistöku þeirra (11. júní 1938) og til ársloka 1943 veitist stefnendum máls þessa einkaleyfi til að flytja úr landinu og selja á erlendum markaði hrafntinnu, sem notuð er til að húða með steinbyggingar. Reglugerð skyldi sett um framkvæmd einkaleyfisins, og mátti í henni ákveða m. a., að óheimilt skyldi að flytja út beztu tegund hrafntinnu, um eftirlit með brotum á leyfinu og sekt við brotum leyfishafa o. s. frv.

Snemma á árinu 1939 hófust samningaumleitanir með aðiljum máls þessa, stefnendum annars vegar og stefndum hins vegar, um, að stefnendur heimiluðu stefndum alla hagnýtingu einkaleyfisins. Þann 2. febrúar 1939 undirrituðu aðiljar skjal um hagnýtingu leyfisins. Er skjalið yfirritað með orðinu samningur og er efni þess í aðalatriðum á þá leið, að stefnendur gefa stefndum „fullt umboð til að flytja út einir hrafntinnu með þeim réttindum og skyldum, sem teknar eru fram í áðurnefndum lögum“, þ. e. einkaleyfislög-

unum. Stefnir skyldu greiða stefnendum kr. 30.00 af hverju útfluttu tonni, og skyldu þeir flytja út a. m. k. 200 smálestir árlega, en ef útflutningsmagnið yrði ekki 200 smálestir eitthvert árið, skyldu stefndir þó halda réttindunum gegn því að greiða stefnendum kr. 6000.00, þ. e. sömu fjárhæð og greiðslan næmi, ef lágmarks- magnið væri flutt út. Stefnendum var áskilinn réttur til að ganga frá réttindum og skyldum allt til 1. júní 1939, enda greiddu þeir þá stefnendum kr. 500.00 í skaðabætur. Yrði breyting á gengi krónunnar, miðað við sterlingspund, skyldu allar greiðslur breytast í samræmi við það. Réttindin skyldu stefndir hafa til ársloka 1943, eða til loka sérleyfistímans.

Undir þetta skjal rituðu allir málsaðiljar á þá lund, að það væri samþykkt sem samningsgrundvöllur.

Umrætt skjal er lagt fram í frumriti í máli þessu. Er það blýantsritað og allmikið útstrikað úr því og breytt. Vildu stefnendur, og þá einkum Daniel, ekki hafa skjalið í því ástandi. Varð því samkomulag um, að þeir létu lögfræðing athuga það og rita það á ný, e. t. v. eitthvað fyllra og gleggra, en sama efnis. Fengu stefnendur því skjalið eða afrit af því og fóru með það til lögfræðings síns.

Nú leið og beið, og virðist ekkert hafa gerzt í málinu, fyrr en í janúar 1940, en 22. þess mánaðar rituðu stefnendur stefndum bréf, þar sem þeir tjá þeim, að ástæðan til þess, að þeir hafi óskað eftir, að stefndir undirrituðu hreinritað og nokkru gleggra skjal, er þeir virðast þá fyrir nokkru hafa fengið frá lögfræðingi sínum og afhent stefndum Þorvaldi, sé ekki sú, að þeir telji skjalið frá 2. febrúar 1939 á nokkurn hátt ófullnægjandi, heldur sú, að þeir telji æskilegra báðum aðiljum, að skjalið væri nokkru gleggra, til þess að síður yrði ágreiningur um efni þess. En ef stefndir ekki telja ástæðu til að undirrita hið nýja skjal, sem þó væri í samræmi við efni hins gamla, þá kváðust stefnendur gjarna vilja láta við það sitja. Þessu bréfi stefnenda svöruðu stefndir 31. s. m. á þá leið, að þeir neituðu að undirrita hið nýja skjal og tilkynntu jafnframt, að þeir teldu sig að engu leyti bundna við skjalið frá 2. febrúar 1939.

Þessum málalokum vildu stefnendur ekki una, enda töldu þeir stefndu að öllu leyti skuldbundna samkvæmt ákvæðum skjalsins frá 2. febrúar 1939. Höfðuðu þeir því mál þetta og gera í því áðurgreindar kröfur, er þeir miða við það, að þeir geti krafið stefndu um greiðslu af lágmarksútflutningi samkvæmt ákvæðum skjalsins, enda þótt þeir hafi ekkert flutt út enn þá.

Byggja stefnendur réttarkröfur sínar á því, að skjalið frá 2. febrúar 1939 sé fullgildur samningur milli aðilja, og séu stefndir bundnir við efni hans að öllu leyti. Þeir hafi að visu haft heimild til að segja honum upp fyrir 1. júní 1939, en það hafi þeir ekki gert né heldur hafi neitt annað gerzt, er losað hafi þá undan ákvæðum samningsins. Samkvæmt ákvæðum samningsins séu stefnd-

ir a. m. k. skyldir til greiðslu hinnar ákveðnu lágmarksupphæðar, kr. 6000.00 á ári. Séu kröfurnar og miðaðar við það og beri því að taka þær til greina.

Stefndir byggja hins vegar sýknukröfuna á því, að skjalið frá 2. febrúar 1939 hafi ekki verið endanlegur samningur um hagnýtingu einkaleyfisins. Það hafi aðeins verið drög að samningi, er átt hafi að hafa til hliðsjónar, þegar fullnaðarsamningur yrði ger. Stefnendur hafi ekki, eins og þeim hafi borið, séð um, að til yrði til undirskriftar formlegur samningur hæfilegum tíma eftir undirritun skjalsins frá 2. febrúar 1939. Og þar sem nýnefnt skjal hafi aðeins átt að vera og verið undirritað sem samningsgrundvöllur, en ekki sem endanlegur og bindandi samningur, þá séu þeir að engu leyti bundnir við efni þess, heldur algerlega lausir við það og óþarft hafi því verið að tilkynna stefnendum neitt, á þann hátt, er í samningsgrundvöllinum greinir, um það, að þeir (stefndir) vildu losna við ákvæði hans. Auk þess telja þeir, að þeir, að athuguðu máli, hafi komið að þeirri niðurstöðu, að stefnendum væri óheimilt að framselja einkaleyfisréttinn, og hafi þeir af þeirri ástæðu einnig talið sig lausa allra mála, hvernig sem litið væri á skjalið frá 2. febrúar 1939, þar eð allir samningar um slíkt framsal hlytu þá að vera markleysa.

Í lögnum um útflutningseinkaleyfið er m. a. svo kveðið á, að útflutningsgjald af hrafntínnu skuli fara eftir samkomulagi við ráðherra, en þó vera á milli kr. 5.00 og 50.00 af hverri smálest. Ennfremur skyldi heimilt að ákveða í reglugerð, er ráðherra setti, að ekki skyldi heimilt að flytja út beztu tegund hrafntínnu. Um þessi atriði og önnur fleiri, er ákveða skyldi í reglugerð, var engin vitneskja fengin 2. febrúar 1939, er margnefnt skjal var undirritað. Virðast þessi atriði þó hafa mjög mikla þýðingu, er ákveða átti um hagnýtingu einkaleyfisins og endurgjald fyrir hana. Bendir þetta til þess, að sú staðhæfing stefnda sé rétt, að skjalið frá 2. febrúar 1939 hafi ekki átt að vera endanlegur samningur, heldur eingöngu samningsgrundvöllur, er breytingum kynni að taka, ef af endanlegum samningum yrði. En eins og málið liggur fyrir, þykir þó ekki ástæða til að taka afstöðu til þess, hvort nefnt skjal ber að telja fullnaðarsamning eða aðeins undirbúning undir samning. Enda þótt orðalag skjalsins sé á þá leið, að stefnendur veiti stefndum „fullt umboð til að flytja út einir hrafntínnu með þeim réttindum og skyldum, sem teknar eru fram“ í sérleyfislögnum, þá er ekki vafi á því, að skjalið ber að skilja þannig, að stefnendur hafi ætlað að framselja stefndum með þeim öll þau réttindi, er þeim voru sjálfum veitt í einkaleyfislögnum. Slíkt framsal er stefnendum ekki heimilað í lögnum, og þar sem þeir verða ekki taldir hafa heimild til þess samkvæmt almennum reglum né heldur eðli málsins, verður að telja, að þeim hafi verið það með öllu óheimilt, og samningur

um það, þótt gerður hafi verið, markleysa. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnenda, en málskostnaður þykir eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Ragnar Jónsson, Þorvaldur Thoroddsen og Jón E. Vestdal, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, Daniels Ólafssonar og Egils Árnasonar, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 30. apríl 1941.

Nr. 14/1941. Sverrir Magnússon f. h. h/f Chemia
gegn

Th. B. Líndal f. h. R. Beiersdorf & Co A/S.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sverrir Magnússon f. h. h/f Chemia, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 5. maí 1941.

Nr. 60/1940. H/f Vestfjarðabáturinn
gegn

Önnu Jósefsdóttur f. h. dánarbús Sigurðar
Bjarnasonar.

Frestun. Nýjar upplýsingar.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt að fresta því og veita aðiljum kost á því samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936 að láta fara fram matsgerð dómkvaddra manna á verðmæti skipsins „Kolbeinn ungi“ í ástandi þess í október 1937, þegar það kom til Ísafjarðar, og ennfreður um það, hvort skipið hefur spillt fyrir van-